

Tilmæli 16/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1723/kultur
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita í kappleikjum

Um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 13. september 2018 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún taki ákvörðun um að styðja í öllum meginatriðum áform ólympíunefnda og íþróttasambanda landanna um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims sem kemur á fót kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita í íþróttakappleikjum alls staðar á Norðurlöndum.

Kaupmannahöfn, 18. september 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs